

Fundargerð 260. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður:	Fundarsalur Þingborg
Fundardagur:	Þriðjudagur 5. apríl 2022
Fundartími:	9:00 – 11:50
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Hrafnkell Guðnason varaoddviti Margrét Jónsdóttir Heimir Rafn Bjarkason varamaður Rósu Matthíasdóttur Sigurður Ingi Sigurðsson Auðunn Guðjónsson endurskoðandi KPMG undir lið nr. 8 og 9 Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrána bætist liður nr. 9 Ársreikningur Flóaljóss, aðrir liðir færast aftur sem því nemur og liður 16. g) Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 235, dags. 09.03.2022

a) Súluholt 2 L228667; Súluholt 2 C; stofnun lóðar – 2202076

“Lögð er fram umsókn frá Guðmundi V Sigurðssyni er varðar stofnun lóðar úr landi Súluholts 2 L228667. Óskað er eftir að stofna 1.133 fm lóð, Súluholt 2C, undir skemmu sem hefur fengið byggingarleyfi í máli nr. 2104103.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið með fyrirvara um uppfært lóðablað er varðar byggingarreitinn sem sýndur er á upprættinum.”

Lögð er fram umsókn frá Guðmundi V Sigurðssyni er varðar stofnun lóðar úr landi Súluholts 2 L228667. Óskað er eftir að stofna 1.133 fm lóð, Súluholt 2C, undir skemmu sem hefur fengið byggingarleyfi í máli nr. 2104103.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með fyrirvara um uppfært lóðablað er varðar byggingarreitinn sem sýndur er á upprættinum.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Versalir L190822; Versalir 2; Stofnun lóðar – 2202083

“Lögð er fram umsókn frá Sigþóri Þórarinssyni er varðar stofnun landeignar. Óskað er eftir að stofna um 4,8 ha land, Versalir 2, úr landi Versala L190822 sem verður um 4,8 ha eftir skiptin skv. hnitsettu mæliblaði sem ekki hefur legið fyrir áður. Sýndar eru vegtengingar að lóðunum frá Oddgeirshólavegi.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar vegna vegtenginganna og fyrirvara eigenda Laugdæla fyrir hnitsettri afmörkun að þeirra landi.”

Lögð er fram umsókn frá Sigþóri Þórarinssyni er varðar stofnun landeignar. Óskað er eftir að stofna um 4,8 ha land, Versalir 2, úr landi Versala L190822 sem verður um 4,8 ha eftir skiptin skv. hnitsettu mæliblaði sem ekki hefur legið fyrir áður. Sýndar eru vegtengingar að lóðunum frá Oddgeirshólavegi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir erindið með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar vegna vegtenginganna og fyrirvara eigenda Laugdæla fyrir hnitsettri afmörkun að þeirra landi.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

c) Prestalaut L212153; Deiliskipulagsbreyting – 2202092

“Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi H Þórarinssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Prestalautar L212153. Í breytingunni felst stækkun lóðar úr 2.351 fm í 47.896 fm. Skipulagsskilmálar eru aðlagðir þessum breytingum en eru óbreyttir að öðru leyti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.”

Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi H Þórarinssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Prestalautar L212153. Í breytingunni felst stækkun lóðar úr 2.351 fm í 47.896 fm. Skipulagsskilmálar eru aðlagðir þessum breytingum en eru óbreyttir að öðru leyti.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 4 atkvæðum

Sigurður Ingi Sigurðsson mætti til fundarins.

d) Hraungerði L166237; Stækkun lóðar; Deiliskipulagsbreyting – 2202093

“Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi H Þórarinssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hraungerði L166237. Í breytingunni felst að lóð umhverfis íbúðarhús stækkar úr 2.509 fm í 8.178 fm. Skipulagsskilmálar eru óbreyttir að öðru leyti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.”

Lögð er fram umsókn frá Þorvaldi H Þórarinssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi að Hraungerði L166237. Í breytingunni felst að lóð umhverfis íbúðarhús stækkar úr 2.509 fm í 8.178 fm. Skipulagsskilmálar eru óbreyttir að öðru leyti.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Krókur L166363; 9 lóðir; Deiliskipulag

“Lögð er fram umsókn frá Landhönnun ehf er varðar deiliskipulag í landi Króks L166363. Deiliskipulagið tekur til 3,9 ha landspildu úr landi Króks innan skilgreinds landbúnaðarlands. Gert er ráð fyrir að skipta spildunni í níu lóðir. Skipting landsins byggir á þinglýstri skiptingu þess á milli skráðra eigenda jarðarinnar. Af þessum níu lóðum eru byggingar á fjórum og gert ráð fyrir byggingum á tveim til viðbótar. Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi á hverjum byggingarreit að byggingarreit 8 undanskildum, en þar er skemma og er nýtingarhlutfall þess reitar fullnýtt nú þegar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Nefndin mælist til þess að staðföng innan skipulagsins verði tekin til skoðunar fyrir auglýsingu deiliskipulagsins. Vigfús vék af fundi við bókun málsins og Davíð tók við fundarritun.”

Lögð er fram umsókn frá Landhönnun ehf er varðar deiliskipulag í landi Króks L166363. Deiliskipulagið tekur til 3,9 ha landspildu úr landi Króks innan skilgreinds landbúnaðarlands. Gert er ráð fyrir að skipta spildunni í níu lóðir. Skipting landsins byggir á þinglýstri skiptingu þess á milli skráðra eigenda jarðarinnar. Af þessum níu lóðum eru byggingar á fjórum og gert ráð fyrir byggingum á tveim til viðbótar. Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi á

hverjum byggingarreit að byggingarreit 8 undanskildum, en þar er skemma og er nýtingarhlutfall þess reitar fullnýtt nú þegar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa það á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Sveitarstjórn mælist til þess að staðföng innan skipulagsins verði tekin til skoðunar fyrir auglýsingu deiliskipulagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Mosató 3 L225133; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2111083

“Lögd er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Í upphaflegu deiliskipulagi frá 16. ágúst 2016 var gert ráð fyrir að hótelið yrði með steiptum kjallara þar sem suðurhlið hótels yrði með fulla lofthæð en norðurhlið yrði felld inn í landið. Tilfellið er að hótelið var reist sem ein hæð og kjallarinn var ekki byggður. Nú er óskað eftir heimild til þess að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 fm í 3.000 fm og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 30-35 herbergi Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Í framlögðum athugasemdum er tiltekið að fjölgun gesta innan deiliskipulagssvæðisins og aukin umsvif innan þess muni hafa töluverð neikvæð áhrif m.t.t. aukinnar umferðar. Umrætt hótél stendur innst á Hnausvegi og fer því öll umferð sem hótelinu fylgir um þann veg. Að mati þeirra sem athugasemdir gerðu mun breytingin hafa umtalsverð neikvæð áhrif vegna hljóðvistar, ryk- og ljósmengunar auk þess sem aukin umferð um veginn muni hafa veruleg áhrif á möguleika til útreiða um svæðið á ákveðnum tímum sem hafi nú þegar verið skert með tilkomu hótelsins. Að auki er hækkun hússins mótmælt vegna hættu á aukinni ljósmengun. Gerð er athugasemd við kynningu málsins og bent á að litlum hluta ábúenda á svæðinu hafi verið kynnt málið sérstaklega.

Skipulagsnefnd hafnar öllum athugasemdum er varðar kynningu og samráð vegna málsins. Í upphafi var sótt um málið sem óverulega breytingu á deiliskipulagi. Nefndin hafnaði því að um óverulega breytingu væri að ræða og fékk málið málsmeðferð á grundvelli 1. mgr.43. gr. skipulagslaga er varðar verulega breytingu á deiliskipulagi. Tillagan var auglýst á opinberum vettvangi í Fréttablaðinu, Dagskránni og Lögbirtingablaði auk þess sem málið var auglýst á heimasíðu Flóahrepps og Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita. Að auki fengu allir þeir sem eiga lóðir upp að deiliskipulagssvæðinu sérstaka tilkynningu um auglýsingu málsins. Nefndin telur að málsmeðferð við kynningu málsins hafi verið fullnægjandi. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins eftir auglýsingu verði frestað. Skipulagsfulltrúa falið að kynna umsækjanda og skipulagshönnuði þær athugasemdir sem bárust vegna málsins.”

Lögd er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Í upphaflegu deiliskipulagi frá 16. ágúst 2016 var gert ráð fyrir að hótelið yrði með steiptum kjallara þar sem suðurhlið hótels yrði með fulla lofthæð en norðurhlið yrði felld inn í landið. Tilfellið er að hótelið var reist sem ein hæð og kjallarinn var ekki byggður. Nú er óskað eftir heimild til þess að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 fm í 3.000 fm og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 30-35 herbergi Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Í framlögðum athugasemdum er tiltekið að fjölgun gesta innan deiliskipulagssvæðisins og aukin umsvif innan þess muni hafa töluverð neikvæð áhrif m.t.t. aukinnar umferðar. Umrætt hótél stendur innst á Hnausvegi og fer því öll umferð sem hótelinu fylgir um þann veg. Að mati þeirra sem athugasemdir gerðu mun breytingin hafa umtalsverð neikvæð áhrif vegna hljóðvistar, ryk- og ljósmengunar auk þess sem aukin umferð um veginn muni hafa veruleg áhrif á möguleika til útreiða um svæðið á ákveðnum tímum sem hafi nú þegar verið skert með tilkomu hótelsins. Að auki er hækkun hússins mótmælt vegna hættu á aukinni ljósmengun.

Gerð er athugasemd við kynningu málsins og bent á að litlum hluta ábúenda á svæðinu hafi verið kynnt málið sérstaklega.

Sveitarstjórn hafnar öllum athugasemdum er varðar kynningu og samráð vegna málsins. Í upphafi var sótt um málið sem óverulega breytingu á deiliskipulagi. Sveitarstjórn hafnaði því að um óverulega breytingu væri að ræða og fékk málið málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar verulega breytingu á deiliskipulagi. Tillagan var auglýst á opinberum vettvangi í Fréttablaðinu, Dagskránni og Lögbirtingablaði auk þess sem málið var auglýst á heimasíðu Flóahrepps og Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita. Að auki fengu allir þeir sem eiga lóðir upp að deiliskipulagssvæðinu sérstaka tilkynningu um auglýsingu málsins. Sveitarstjórn telur að málsmeðferð við kynningu málsins hafi verið fullnægjandi. Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að afgreiðslu málsins eftir auglýsingu verði frestað. Skipulagsfulltrúa falið að kynna umsækjanda og skipulagshönnuði þær athugasemdir sem bárust vegna málsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-160 – 2202004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. mars 2022.

2. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 236 dags. 23.03.2022

a) Mosató 4 L230715; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2203009

“Lögð er fram beiðni frá Look North ehf. er varðar breytingu á landnotkun á lóð Mosató 4 L230715. Í breytingunni felst að að reitur F16d verði felldur út sem frístundabyggð og svæðið myndi samfelld skógræktar- og landgræðslusvæði. Samhliða verði unnin breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir ráð heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss á lóðinni Mosató 4 í stað frístundahúss.

Áður hefur verið tekin fyrir beiðni um breytingu á aðalskipulagi sem tekur til hluta frístundasvæðis F16 sem er aðliggjandi við umrætt svæði F16d. Þeirri breytingu var frestað þar sem ekki var talið forsvaranlegt að breyta landnotkun stakrar frístundalóðar innan svæðisins. Fyrir liggur samþykki frá eiganda Skógarhnauss fyrir því að skipulagssvæði F16 innan jarðarmarka Skógahnauss verði fellt undir skógræktar- og landgræðslusvæði eða landbúnaðarsvæði í samræmi við beiðni eigenda Hnaus lóð L178933. Nefndin telur að umrætt svæði F16d og F16 geti fallið undir sömu aðalskipulagsbreytinguna. Mælist nefndin til þess að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi svæðisins. Í breytingunni muni felast breytt landnotkun F16 og F16d með þeim hætti að afmörkun F16 minnkar eða fellur niður og frístundasvæði F16d verði fellt út úr skipulagi. Haft verði áframhaldandi samráð við aðra lóðarhafa innan marka F16 um umfang breytinganna. Nefndin bendir á að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir núverandi svæði F16. Allar framkvæmdir innan svæðisins eru háðar gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda innan lóðanna. Líkt og kemur fram í framlagðri umsókn vegna svæðis F16d er gert ráð fyrir því að gert verði samsvarandi breyting á deiliskipulagi svæðisins sem tekur til Hnauss II.”

Lögð er fram beiðni frá Look North ehf. er varðar breytingu á landnotkun á lóð Mosató 4 L230715. Í breytingunni felst að að reitur F16d verði felldur út sem frístundabyggð og svæðið myndi samfelld skógræktar- og landgræðslusvæði. Samhliða verði unnin breyting á deiliskipulagi svæðisins sem gerir ráð heimild fyrir uppbyggingu íbúðarhúss á lóðinni Mosató 4 í stað frístundahúss.

Áður hefur verið tekin fyrir beiðni um breytingu á aðalskipulagi sem tekur til hluta frístundasvæðis F16 sem er aðliggjandi við umrætt svæði F16d. Þeirri breytingu var frestað þar sem ekki var talið forsvaranlegt að breyta landnotkun stakrar frístundalóðar innan svæðisins. Fyrir liggur samþykki frá eiganda Skógarhnauss fyrir því að skipulagssvæði F16 innan jarðarmarka Skógahnauss verði fellt undir skógræktar- og landgræðslusvæði eða landbúnaðarsvæði í samræmi við beiðni eigenda Hnaus lóð L178933. Sveitarstjórn telur að umrætt svæði F16d og F16 geti fallið undir sömu aðalskipulagsbreytinguna. Mælist sveitarstjórn til þess að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til breytingar á aðalskipulagi svæðisins. Í breytingunni muni felast breytt landnotkun F16 og F16d með þeim hætti að afmörkun F16 minnkar eða fellur niður og frístundasvæði F16d verði fellt út úr skipulagi. Haft

verði áframhaldandi samráð við aðra lóðarhafa innan marka F16 um umfang breytinganna. Sveitarstjórn bendir á að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir núverandi svæði F16. Allar framkvæmdir innan svæðisins eru háðar gerð deiliskipulags sem tekur til framkvæmdaheimilda innan lóðanna. Líkt og kemur fram í framlagðri umsókn vegna svæðis F16d er gert ráð fyrir því að gerð verði samsvarandi breyting á deiliskipulagi svæðisins sem tekur til Hnauss II.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Mosató 3 L225133; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2111083

“Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Í upphaflegu deiliskipulagi frá 16. ágúst 2016 var gert ráð fyrir að hótelið yrði með steiptum kjallara þar sem suðurhlið hótels yrði með fulla lofthæð en norðurhlið yrði felld inn í landið. Tilfellið er að hótelið var reist sem ein hæð og kjallarinn var ekki byggður. Nú er óskað eftir heimild til þess að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 fm í 2.300 fm og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi. Málinu var frestað á 235. fundi skipulagsnefndar. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og uppfærðum gögnum frá skipulagshönnuði. Með uppfærðum gögnum hefur umfang breytinganna minnkað nokkuð.

Skipulagsnefnd UTU telur að brugðist sé við athugasemdum og umsögnum vegna málsins þar sem það á við með minnkuðu umfangi byggingaheimilda innan deiliskipulagsins. Að mati nefndarinnar er aukning um 7 herbergi frá núverandi heimildum deiliskipulags ekki þess eðlis að verulega óæskileg grenndaráhrif umfram núverandi starfsemi hótelsins með tilliti til sjón- ljós- eða hljóðmengunar muni hljóttast vegna þessa. Að sama skapi telur nefndin svo óverulega stækkun ekki þess eðlis að hún breyti núverandi forsendum starfseminnar með verulegum hætti. Nefndin telur þó að núverandi heimildir aðalskipulags Flóahrepps geri ekki ráð fyrir fjölgun herbergja eða stækkun starfseminnar umfram núverandi heimildir deiliskipulags, þótt svo að heimilaður gestafjöldi sé nánast í takt við áætlaða stækkun. Mælist nefndin til þess að skilmálar vegna svæðisins verði uppfærðir í takt við framlagða breytingu innan aðalskipulags Flóahrepps. Í því felst að unnin verði veruleg breyting á aðalskipulagi sem geri ráð fyrir auknu umfangi hótelsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst og kynnt á nýjan leik samhliða breytingu aðalskipulags.”

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Mosató 3 L225133 eftir auglýsingu. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins. Í upphaflegu deiliskipulagi frá 16. ágúst 2016 var gert ráð fyrir að hótelið yrði með steiptum kjallara þar sem suðurhlið hótels yrði með fulla lofthæð en norðurhlið yrði felld inn í landið. Tilfellið er að hótelið var reist sem ein hæð og kjallarinn var ekki byggður. Nú er óskað eftir heimild til þess að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 fm í 2.300 fm og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi. Málinu var frestað á 235. fundi skipulagsnefndar. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum og uppfærðum gögnum frá skipulagshönnuði. Með uppfærðum gögnum hefur umfang breytinganna minnkað nokkuð.

Sveitarstjórn Flóahrepps telur að brugðist sé við athugasemdum og umsögnum vegna málsins þar sem það á við með minnkuðu umfangi byggingaheimilda innan deiliskipulagsins. Að mati sveitarstjórnar er aukning um 7 herbergi frá núverandi heimildum deiliskipulags ekki þess eðlis að verulega óæskileg grenndaráhrif umfram núverandi starfsemi hótelsins með tilliti til sjón- ljós- eða hljóðmengunar muni hljóttast vegna þessa. Að sama skapi telur sveitarstjórn svo óverulega stækkun ekki þess eðlis að hún breyti núverandi forsendum starfseminnar með verulegum hætti. Sveitarstjórn telur þó að núverandi heimildir aðalskipulags Flóahrepps geri ekki ráð fyrir fjölgun herbergja eða stækkun starfseminnar umfram núverandi heimildir deiliskipulags, þótt svo að heimilaður gestafjöldi sé nánast í takt við áætlaða stækkun. Mælist

sveitarstjórnin til þess að skilmálar vegna svæðisins verði uppfærðir í takt við framlagða breytingu innan aðalskipulags Flóahrepps. Í því felst að unnin verði veruleg breyting á aðalskipulagi sem geri ráð fyrir auknu umfangi hótelsins. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst og kynnt á nýjan leik samhliða breytingu aðalskipulags.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Fljótshólar 1 L165474; Framkvæmdaleyfi; Lagning ljósleiðara um Þjórsá – 2203050 – 2203050

“Lögð er fram umsókn frá Ljósleiðaranum ehf. er varðar lagningu ljósleiðara um Þjórsá.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati nefndarinnar liggja fyrir samþykki hlutaðeigandi hagsmunaaðila vegna framkvæmdarinnar og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.”

Lögð er fram umsókn frá Ljósleiðaranum ehf. er varðar lagningu ljósleiðara um Þjórsá.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrir liggur samþykki hlutaðeigandi hagsmunaaðila vegna framkvæmdarinnar og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Urriðafoss L166392; Urriðafoss (gamli bær); Stofnun lóðar – 2203037

“Lögð er fram umsókn Haralds Einarssonar f.h. Urriðafossbúsins ehf um stofnun lóðar úr landi Urriðafoss L166392. Óskað er eftir að stofna 2.345 fm lóð undir þegar byggt íbúðarhús sem fengi staðfangið Urriðafoss Gamli bær.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.”

Lögð er fram umsókn Haraldar Einarssonar f.h. Urriðafossbúsins ehf um stofnun lóðar úr landi Urriðafoss L166392. Óskað er eftir að stofna 2.345 fm lóð undir þegar byggt íbúðarhús sem fengi staðfangið Urriðafoss Gamli bær.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og gerir ekki athugasemdir við staðfangið og samþykkir erindið með 5 atkvæðum.

e) Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 22-161 – 2203002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. mars 2022.

3. Erindi frá Árborg - Ósk um umsögn Flóahrepps við tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036

Lagt fram erindi frá skipulagsfulltrúa Árborgar ásamt gögnum, þar sem óskað er umsagnar Flóahrepps vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Árborgar 2020 - 2036. Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi gögn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Fyrirspurn um lóð – Þingborg 10

Lögð fram fyrirspurn um möguleika á að byggja einbýlishús á lóðinni Þingborg 10. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrirspurnina en bendir umsækjendum á að skipulagsferli er ekki lokið. Að loknu skipulagsferli munu lóðirnar verða auglýstar. Bent er á að senda þarf inn umsókn þegar úthlutun lóða verður auglýst.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Fyrirspurn um lóðir – parhús/raðhús

Lögð fram fyrirspurn um möguleika á að byggja parhús/raðhús á svæðinu við Þingborg. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrirspurnina en bendir umsækjendum á að skipulagsferli er ekki lokið. Að loknu skipulagsferli munu lóðirnar verða auglýstar. Bent er á að senda þarf inn umsókn þegar úthlutun lóða verður auglýst.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Skólaakstur 2022 – 2023 – endurnýjun samninga

Sigurður Ingi Sigurðsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Fyrir liggur að skólabílstjórar vilja framlengja samninga um skólaakstur um eitt ár á sömu forsendum. Sveitarstjóra falið að ganga frá framlengingu samninga.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

7. Reglur um hvatagreiðslur Flóahrepps – endurskoðuð útgáfa fyrir vor og haustönn 2022

Lagðar fram endurskoðaðar reglur um hvatagreiðslur fyrir árið 2022. Í endurskoðuðum reglum er gert ráð fyrir að foreldrar geti sótt um hvatagreiðslu vegna korta í líkamsræktarstöð sem skráð eru á kt. barns, sem ekki var í eldri reglum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Ársreikningur Flóahrepps 2021 – Fyrri umræða

Lagður fram ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu Auðunn Guðjónsson mætti til fundarins og fór yfir ársreikning Flóahrepps og endurskoðunarskýrslu 2021. Ársreikningi Flóahrepps 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu vísað til síðari umræðu

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Ársreikningur Flóaljóss 2021

Lagður fram ársreikningur Flóaljóss fyrir árið 2021.

Samþykktur með 5 atkvæðum og undirritaður.

10. Tilboð í ráðningarferli – leikskólastjóri

Lögð fram tilboð frá Hagvangi, Fast Ráðningum og Ráðum ráðningarstofu í ráðningarferli leikskólastjóra Krakkaborgar.

Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við lægst bjóðanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – umsagnarbeiðni tækifærisleyfi dans og lifandi músík í Þingborg 01.04.2022 - Áður afgreitt rafrænt en bókað hér með;

Með vísan til 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og B. kafla reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er óskað eftir umsögn Flóahrepps vegna umsóknar Rúnars Magnússonar kt 180178-5629 f.h. menningarnefndar Flóahrepps kt. 600606-1310 um tækifærisleyfi vegna dansleiks og lifandi tónlistar 1. apríl 2022 í Þingborg.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins, með fyrirvara um athugasemdalausar umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Brunavarna Árnessýslu og að tekið sé tillit til viðmiða þeirra varðandi leyfilegan fjölda gesta

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Styrkbeiðni frá Íslandsdeild „Transparency Internatíonal“

Sveitarstjórn Flóahrepps sér sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Starfslýsing húsvarðar í Þingborg – endurskoðun

Lögð fram endurskoðuð starfslýsing húsvarðar í Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Erindi frá Svanhvít Hermannsdóttur – Umgengni á lóðum sveitarfélagsins

Lagt fram erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur þar sem bent er á slæma umgengni á lóð í Heiðargerði. Sveitarstjóra og oddvita falið að skoða málið og hafa samband við leigjanda umræddrar lóðar og benda á hvað betur má fara. Aðrir lóðarhafar eru einnig hvattir til góðrar umgengni. Bent er á að hægt er að sækja um að fá gáma til hreinsunar í hreinsunarviku Flóahrepps í lok maí.

Samþykkt með 5 atkvæðum

15. Erindi frá „Römpum upp Ísland“

Lagt fram erindi frá stjórnarformanni „Römpum upp Ísland“ þar sem leitað er samstarfs við sveitarfélög vegna aðgengismála.

Sveitarstjóra falið að vera í sambandi við bréfitara á grundvelli umræðna á fundinum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Frá nefndarsviði Alþingis – til umsagnar:

a) Frumvarp til laga um fjöleignahús (gæludýrahald), 57. mál

Lagt fram til kynningar.

- b) Frumvarp til laga um eignarráð og nýtingu fasteigna (óskipt sameign, landamerki o. fl.), 16. mál
Lagt fram til kynningar.
- c) Frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur), 450. mál
Lagt fram til kynningar.
- d) Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaráætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða til ársins 2030, 418. mál
Lagt fram til kynningar.
- e) Frumvarp til laga um fjarskipti, 461. mál
Lagt fram til kynningar.
- f) Auglýsing um leiðbeiningar um álit um stöðu sveitarfélags skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. a sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011
Lagt fram til kynningar.
- g) Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis-og mannvirkjastofnunar.
Lagt fram til kynningar.

17. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 259, dags. 08.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 134, dags. 15.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 8, dags. 21.03.2022
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að leita tilboða í niðurrif á elsta hluta Flóaskóla (1946) Stefnt að verklokum fyrir skólabyrjun í ágúst 2022. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- d) Atvinnu- og umhverfisnefndar dags. 16.03.2022
Lagt er til að ný sveitarstjórn taki afstöðu til verkefna nefndarinnar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
- e) NOS dags. 30.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 23, dags. 21.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 5, dags. 13.12.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 6, dags. 07.02.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) Faghóps um ferðaþjónustu dags. 12.01.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) Stjórnar Bergrisa bs. nr. 38, dags. 08.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Minnispointar frá fundi með aðildarsveitarfélögum Bergrisa vegna viðbótarframlags 2021
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) Stjórnar SASS nr. 579, dags. 04.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 908, dags. 25.03.2022
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

18. Efni til kynningar:

- a) Magn úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands 2021 og þróun síðustu 6 ára
- b) Frá Skipulagsstofnun - Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna verslunar og þjónustu á Loftstöðum vestri
- c) Frá Skipulagsstofnun - Hjálmalholtsnáma, áframhaldandi efnistaka, Flóahreppi
- d) Frá Skipulagsstofnun – Orkugerðin framleiðsla á kjötmjöli og fitu úr dýraleifum – ákvörðun um matsskyldu

- e) Skýrsla um reynslu kjörinna fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnnum
- f) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – innleiðing nýrra barnaverndarlaga
- g) Frá Dómsmálaráðuneytinu til Sambands íslenskra sveitarfélaga – Endurskipulagning sýslumannsembætta
- h) Umsögn byggingarfulltrúa – um breytingu á rekstrarleyfi, gisting Langholt 2
- i) Frá Sýslumanninum á Suðurlandi – Leyfisbréf tækifærisleyfi
- j) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalaflokka
- k) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – átak um hringrásarhagkerfið
- e) Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Þingborg þriðjudaginn 3. maí 2022.

14. Trúnaðarmál:

Frestað